

Yfirlýsing UTR um upplýsingaöryggi

Upplýsingatæknipjónusta Reykjavíkur

Upplýsingatæknipjónusta Reykjavíkurborgar (UTR) gegnir mikilvægu hlutverki hjá Reykjavíkurborg, bæði sem starfsstaður og sem veitandi þjónustu. Öryggi upplýsinga er grunnstoð í starfsemi UTR. Markmið UTR er að viðhalda upplýsingaöryggi í samræmi við kröfur ISO 27001.

UTR stuðlar að öryggi upplýsinga í samræmi við þjónustuloforð sem og skilgreindar þarfir og umsamin viðmið viðskiptavina til þjónustu UTR.

Þessi yfirlýsing er hluti af stjórnkerfi upplýsingaöryggis sem starfrækt er hjá UTR.

Áherslur UTR í öllum rekstri og þróun eru; SJÁLFBIRKNI, YFIRSÝN OG EFTIRLIT og er ætlunin að endurspeglar þær áherslur í rekstri stjórnkerfis UTR fyrir upplýsingaöryggi.

Hlutverk stjórnkerfis upplýsingaöryggis hjá UTR

- Hlutverk stjórnkerfisins er að stuðla að; samfelldum og hagkvæmum rekstri tölvuumhverfis borgarinnar, aukinni virðissköpun, háþröðun á virði fjárheimilda og að tryggja þjónustu í samræmi við skilgreind viðmið fyrir notendaumsjón, aðgangsumsýslu, öflun búnaðar og eignaumsjón.
- Stjórnkerfið eykur öryggi upplýsinga, styrkir þol gagnvart áhættum og ógnum með aukinni vitund og þátttöku starfsfólks UTR. Þá tryggir viðbragð við atvikum og eykur vitund og gegnsæi um þær ógnir sem steðja að tölvuumhverfi Reykjavíkurborgar.

Hvert er umfang þessarar yfirlýsingar?

- Yfirlýsing þessi nær til allrar starfsemi og þjónustu UTR sem og allra þeirra upplýsinga sem UTR hefur umsjón með að varðveita eða miðla. Yfirlýsingin nær til alls starfsfólks UTR og allra samstarfsaðila UTR hvort sem er innan borgarkerfisins, ytri aðila, birgja eða verktaka.

Hverjar eru þarfir okkar notenda?

- Notendur okkar (starfsfólk, borgarar, nemendur, gestir) vilja að upplýsingar séu verndaðar í samræmi við viðkvæmni þeirra, þær sé ekki skráðar eða þeim breytt án heimildar og séu aðgengilegar þeim sem þurfa þegar á þarf að halda.
- Eigendur og ábyrgðaraðilar upplýsinga þurfa að geta séð með einföldum hætti hverjir hafa eða hafa haft aðgang að þeirra kerfum eða skoðað þeirra upplýsingar og brugðist við ef ástæða er til aðgerða.

Hver eru markmiðin okkar?

- Við stuðlum að samfelldu upplýsingaöryggi, að upplýsingakerfi og vefir borgarinnar séu aðgengilegir þeim sem þurfa, þegar þeir þurfa. Að leynd sé viðhaldið þar sem þörf er á og að upplýsingar tapist ekki, þeim eytt eða breytt án heimildar.
- Við förum eftir viðeigandi lögum, þar á meðal persónuverndarlögum.
- Við sinnum stöðugum umbótum með því að skrá og greina atvik sem verða í þeim tilgangi að geta gert betur.
- Við skilgreinum árangur út frá mælingum og markmiðum og greinum frávik sem verða í þeim tilgangi að geta gert betur.

Hvernig ætlum við að ná þessum markmiðum?

- Við viðhöldum uppfærðu áhættumati fyrir starfsemi og ábyrgðarsvið UTR.
- Við framkvæmum innri úttektir þar sem við staðfestum að ferlum og verklagi sé fylgt.
- Við skilgreinum ferla og verklag til að formfesta vinnuaðferðir og skrá þekkingu.
- Við stuðlum að virkri öryggisvitund og árvekni með stöðugri þekkingarmiðlun.

Hver ber ábyrgðina?

- Upplýsingaöryggisráð UTR ber ábyrgð á upplýsingaöryggisyfirlýsingu UTR og að hún sé endurskoðuð reglulega.
- Gæða- og öryggisstjóri UTR ber ábyrgð á viðhaldi stjórnkerfisins og þessarar yfirlýsingu.
- Stjórnendur UTR bera ábyrgð á að formfesta vinnuaðferðir sinna starfseininga.
- Stjórnendur UTR bera ábyrgð á að stöðugum umbótum sé sinnt á sinni starfseiningu.
- Starfsfólk UTR ber ábyrgð á að vinna í samræmi við formfestar vinnuaðferðir.
- Samstarfsaðilar bera ábyrgð á því að starfsfólk á þeirra vegum fari eftir þessari stefnu.
- Öllu starfsfólki ber að vinna samkvæmt þessari yfirlýsingu, að því leyti að stefna ekki öryggi upplýsinga borgarinnar í hættu með aðgerðum sínum. Þeim ber að tilkynna öryggisfrávik og mögulega veikleika til UTR, og eftir fremsta megni að standa vörð um að einungis þeir sem hafa réttindi til þess hafi aðgang að upplýsingum borgarinnar, á hvaða formi sem þær kunna að vera.

Hver eru viðurlögin ef ekki er farið eftir þessari yfirlýsingu?

- Þau sem ógna öryggi upplýsinga borgarinnar, sé það gert af ásettu ráði, geta átt yfir höfði sér viðeigandi lagalegar aðgerðir. Jafnframt getur það starfsfólk átt von á áminningu eða brottvikningu, í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsfólks ríkisins.

Yfirlýsing samþykkt á fundi Upplýsingaöryggisráðs UTR 20.5.2021